

## Miðbærinn – yfirborðsfrágangur – hugmyndir

Miðbærinn fái yfirbragð borgargötu þar sem gangstéttar verða hellulagðar, efnisval samræmt bæði hvað varðar yfirborðsefni, búnað og lýsingu. Gangstéttar verði hellulagðar t.d. með hellum 20x40x8 og svörtum fornsteini næst byggingum. Aðalgata sem er vistgata verði hellulögð með aksturhellum í fiskibeinamunstri. Aðkoma inn í vistgötur verði markeruð með litaðri hellulögn sem gefur akandi til kynna að verið sé að fara inn á vistgötu. Gangstétt í Aðalgötu verður í sama plani og gata, kansteinn er notaður til að mynd sjónræn skil milli akstursvæðis og gangstéttar. Lækjargata verði malbikuð – en bílastæði fyrir framan ráðhús hellulögð. Lagt er til að ekki verði bílastæði sunnan við Ráðhús. Kansteinn – 40x24x17 tromlaður kantur myndi 4-10 cm kant við götu.



Lýsing verði samræmd við Aðalgötu og Lækjargötu – notast verði við miðbæjarlampa. Gert ráð fyrir varanlegri festingu fyrir jólatré á Ráðhústorgi þar sem sérstaklega verður hugað að vetrarlýsingu. Mikilvægt er að huga að lýsingu meðfram Aðalgötu upp að kirkjunni en þetta sjónarhorn er vinsælt til myndatöku.

Torginu er gefið meira rými en gert var ráð fyrir í deiliskipulagi með því að gera ráð fyrir samsíða stæðum meðfram Suðurgötu. Bílastæðin geta verið allt að 3,0 m á dýpt þ.a. ekki skapast hætta þegar hurð er opnuð út að götu. Götumyndin verður skýrari og má líkja við Skólavörðustíg þ.e. miðbæjargata með samsíða stæðum beggja vegna. Hellulögn afmarkar síðan bílastæðin að götu.

Ráðhústorg – hugmynd að staðsetningu listaverks ásamt bekkjum á móti sól upp við vegg ráðhússins, Skúlpturn – „börnin“ lesa/lestrahestar eða við lesum t.d. frá Aðalheiði Eysteins – Með skúlpturn sem skírskotar til lesturs er það undirstrikað að þarna er líka bókasafn, - gestir og gangandi boðnir velkomnir að kíkja við og ná í bók, síðan er tilvalið að setjast út og lesa undir sólarvegg og njóta útsýnis yfir svæðið.

Skúlpturn á Ráðhústorgi getur einnig orðið aðdráttarafi fyrir myndatökur og glatt augað dags daglega. Þarna mætti hugsa sér að koma fyrir minnismerki um drukknaða sjómenn eða vatnsskúlpturn sem dregur að sér leik barna svo eitthvað sé nefnt. Vegprestar eru staðsettir á þremur stöðum innan svæðisins.




Vesturveggur á ráðhúsi – þarna mætti komi fyrir listaverki /skúlptúr eða einhverskonar myndverki sem tengdist sögu staðarins með fallegri lýsingu – sem hefði áhrif á ásýnd svæðisins að vetri til



### Svæðið sunnan Gránugötu

Rauði þráðurinn liggur frá Torginu að bryggjunni. Þetta getur verið þróunarsvæði sem hugsanlega mætti nýta fyrir svið og markaðstorg eða tilfallandi uppákomur. Tillagan gerir ráð fyrir því að gengið verði frá svæðinu sem grassvæði sem eru afmarkaðir með hólalandslagi að götu og setmöguleikum verið komið fyrir á ákveðnum stöðum. „Risa“ síldartunnu hring verði komið fyrir við gönguleiðina sem einskonar myndaramma, og vindbelg þar sem „lognið hlær“ verði staðsett við göngustíginn. .



Unnið verður með bryggjutimbur – harðvið og lýsingu upp í gengum rauða þráðinn.



Staðbundin ker fyrir gróður unnin úr plastkörum, með skírskotun í Siglufjörð, - t.d. munstur sem tengist atvinnusögunnin og Siglufirði sem vetrariþróttabæ.





Þar sem lognið hlær



„Eikartunna“ snjónlína að höfninni

Dæmi um leikskúlptúra með skírskotun í sjóinn.

